



Byggðaráð Húnabyggðar

**Byggðaráð Húnabyggðar - 1. fundur Byggðaráðs Húnabyggðar  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, þriðjudaginn 14. júní 2022  
og hófst kl. 15:00**

**Fundinn sátu:**

Auðunn Steinn Sigurðsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Zophonías Ari Lárusson, Edda Brynleifsdóttir, Berglind Hlín Baldursdóttir, Valdimar O. Hermannsson og Einar K. Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Valdimar O. Hermannsson,

Berglind Hlín Baldursdóttir og Edda Brynleifsdóttir eru áheyrnarfulltrúar.

**Dagskrá:**

**1. Sorphirða í Húnavatnssýslum - 2205002**

Stutt samantekt um stöðuna og næstu skref.

*Gerð var grein fyrir þeirri vinnu sem unnin hefur verið af EFLU fyrir sveitarfélögin í Húnavatnssýslum á undanförunum misserum og kynningu sem fram fór á stöðunni þann 05.04.2022. Í minnisblaði sem liggur fyrir fundinum eru tillögur um næstu skref. Byggðaráð vísar málinu til kynningar til umhverfisnefndar og frekari skoðunnar.*

*Vísað til nefndar*

**2. Innviðaráðuneyti - Almenningsamgöngur á Íslandi - 2206005**

Starfshópur skipaður af Innviðaráðherra sem hefur það hlutverk að koma með tillögur sem nýtast eiga við smíði frumvarps til fyrstu heildarlaga um almenningsamgöngur á Íslandi er nú að störfum.

Starfshópurinn býður sveitarfélaginu að senda 1-2 fulltrúa til að taka þátt í vinnustofunni sem mun fara fram í gegn um fjárfundarbúnaðinn "Teams".

*Lagt fram til kynningar, en SSSNV hefur farið með málefni almenningsamgangna á Norðurlandi vestra, og um landið.*

*Lagt fram*

**3. Ályktun stjórnar FA vegna fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði - 2206006**

"Stjórn Félags atvinnurekenda ítrekar áskoranir sínar til sveitarfélaga að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði við gerð fjárhagsáætlana fyrir næsta ár til að bregðast við miklum hækkunum fasteignamats fyrir árið 2023".

*Erindinu er vísað til vinnu við fjárhagsáætlun 2023.*

*Afgreiðslu frestað*

**4. Lagning ljósleiðara á Blönduósi - 2206017**

Míla vinnur nú að því að leggja ljósleiðara til heimila víðsvegar um landið. Verkefnið er gríðarlega umfangsmikið og mun það taka nokkur ár að ljúka ljósleiðaravæðingu landsins.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "B.", "RH", "BHTB", and "E".

Handwritten signature in blue ink.



Byggðaráð Húnabyggðar

Taka þarf afstöðu til kostnaðarþátttöku vegna íbúða sveitarfélagsins.

*Byggðaráð samþykkir að taka þátt í kostnaði fyrir sínar íbúðir enda hefur verið hvatt til þess að ljósleiðaravæðing þéttbýlisins verði flýtt eins og kostur er.*

*Samþykkt*

**5. Félagsheimilið - gluggaskipti og útveggjaklæðning - 2206009**

Staða og viðbót við upphaflega verkáætlun.

*Byggðaráð óskar eftir að fá niðverandi stöðu á verkefninu og kostnaðaráætlun á viðbót. Einnig er óskað eftir að fá tilboð í að klæða vesturgafliinn ásamt glugga og gluggaskiptum.*

*Samþykkt*

**6. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - samningur um styrk - 2206011**

Til kynningar.

*Byggðaráð fagnar styrk í þetta þarfa verkefni sem nýtur nú vaxandi athygli.*

*Lagt fram*

**7. Umsókn um fjárframlag vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna 2022 - 2206012**

Blönduósþær og Húnavatnshreppur sendu inn tvær umsóknir um fjárframlag vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna árið 2022.

Félagsmálaráðuneytið hefur samþykkt innsendar umsóknir að upphæð 301.600 kr. og mun fjármagn verða lagt inn á reikning sveitarfélaganna á næstu dögum.

*Byggðaráð fagnar fjárframlagi til viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna árið 2022, og felur Menningar- íþrótt- og tómstundafulltrúa ráðstöfun fjársins í samráði við Félagsþjónustuna, Félagsstarf aldraðra og Félag eldri borgara.*

*Lagt fram*

**8. Norðurá bs - Fundargerð stjórnar nr. 102 - 2206003**

Fundargerð 102. fundar stjórnar Norðurá bs. ásamt fylgigögnum.

*Lagt fram til kynningar.*

*Lagt fram*

**9. Innleiðing kerfa - 2206014**

*Byggðaráð samþykkir tillögu starfandi sveitarstjóra um að Sigrún Hauksdóttir, aðalbókari sveitarfélagsins muni sjá um innleiðingu kerfa sem snúa að fjárhag, bókhaldi og launakerfum sveitarfélagsins.*

*Samþykkt*

**10. Starfsmannamál - 2206013**

*Byggðaráð fór yfir stöðu á starfsmannamálum sveitarfélagsins.*

BHD  
RH  
E



Byggðaráð Húnabyggðar

**11. Val á endurskoðunarfyrtæki - 2206016**

*Byggðaráð samþykkir tillögu starfandi sveitarstjóra að ganga til samninga við KPMG, um endurskoðun fyrir Húnabyggð, en KPMG hefur séð um endurskoðun fyrir bæði Blönduós bæ og Húnavatnshrepp.*

*Samþykkt*

**12. Samþætting skólastofnanna - 2206015**

*Byggðaráð vísar því til Fræðslunefndar að taka að sér samþættingu leik- og grunnskóla, með því að kalla til fulltrúa allra þeirra aðila sem njóta þjónustu þeirra.*


*Vísað til nefndar*

**13. Akstur í FNV í haust - vegna starfsbrautar - 2206010**


*Fyrir fundinum liggja drög að kostnaðaráætlun um akstur unglinga til FNV sem eiga rétt á akstri vegna náms á starfsbraut samkvæmt skólalagatali. Byggðaráð samþykkir erindið. Jafnframt vill byggðaráð kanna möguleika á frekari útvíkkun þjónustunnar til annarra nemenda FNV.*

*Samþykkt*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30**

  
Auðunn Steinn Sigurðsson

  
Ragnhildur Haraldsdóttir

  
Zophonías Ari Lárusson

  
Edda Brynleifsdóttir

  
Berglind Hlín Baldursdóttir

